



Stjórn SSH 527. fundur

Mánudaginn 5. júlí 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð. Gunnar Einarsson formaður stjórnar boðaði forföll.

Haraldur Sverrisson, varaformaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Málefni skíðasvæðanna - Framkvæmdir á skíðasvæðunum / málsnr. 1501005

Kominn er á bindandi samningur við Dobbeltmayr skíðalyftur ehf. en fyrirtækið var lögstbjóðandi í samkeppnisútbóði um kaup og uppsetningu á skíðalyftum, og á 525. fundi stjórnar SSH var fallist á að taka tilboði þess. Fyrir liggja drög að samningi við Dobbeltmayr um verkefnið auk þess sem verktrygging verður sett. Samningurinn dregur fram helstu atriði þess samnings sem þegar er kominn á á grundvelli útbóðsgagna en felur ekki í sér ný efnisatriði.

Þá eru fyrirbyggjandi fundargerðir verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 15. júní 2021 og 23. júní 2021.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra SSH er falið að undirrita samninginn við Dobbeltmayr skíðalyftur ehf.

Fundargerðir eru lagðar fram til kynningar.

2. Gönguskiði – uppbygging aðstöðu / málsnr. 2104007

Á 525. fundi stjórnar SSH var samþykkt að veita allt að 50 milljónum kr. af verkefnafé samkvæmt samkomulagi um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins til þessa verkefnis. Fyrirliggjandi eru fundargerðir verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 15. júní 2021 og 23. júní 2021 þar sem nánar er fjallað um undirbúningsferli þessarar uppbyggingar en útbóð er í undirbúningi.

Niðurstaða fundar:

Fundargerðir eru lagðar fram til kynningar.



3. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

- a) Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir stöðu og framgang verkefna hjá Betri samgöngum ohf.
- b) Framhald umræðu frá fyrri fundum stjórnar SSH. Fyrir liggja endanleg drög að samningi um fjármagnsskipan Betri samgangna ohf. en á 525. fundi stjórnar SSH var formanni og framkvæmdstjóra falið að ljúka viðræðum um samninginn á grundvelli fyrirbyggjandi draga og framkvæmdstjóra í kjölfarið falin undirritun hans. Jafnframt liggur fyrir minnisblað borgarbókara Reykjavíkurborgar dags. 30. mars 2021, um reikningshaldslega meðferð greiðslna vegna Samgöngusáttmálans.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra er falin undirritun fyrirbyggjandi samnings um fjárhagsskipan Betri Samgangna ohf. Þá verði samningurinn ásamt viðauka sendur aðildarsveitarfélögunum til kynningar.

4. Sameiginleg vatnsvernd á hfbsvæðinu: rannsóknarborholur í Bláfjöllum / málsnr. 1505001

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins dags. 5. júlí 2021 um stöðu verkefnis við styrkingu grunnvatnafarslíkans sem veitufyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu viðhalda. Verkefnið felur í sér uppsetningu á vatnsmælum í fjórum nýjum rannsóknarborholum auk núverandi vinnsluholu á svæðinu og er hluti af mótvægisáðgerðum vegna uppbyggingar á skíðasvæðunum. SSH og samráðshópur um vatnsvernd- og nýtingu hafa umsjón með verkefninu og kostnaður skiptist á milli vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir minnisblaðið.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

5. Sundabraut / málsnr. 1908005

Dagur B. Eggertsson kynnir stöðu Sundabrautarverkefnisins. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins er gestur fundarins undir þessum lið.

Niðurstaða fundar:

Frekari upplýsingar verða sendar sveitarfélögunum til kynningar þegar þær liggja fyrir.



6. Höfuðborgargirðingin / málsnr. 1508001

Umræða um málefni höfuðborgargirðingarinnar. Fyrirliggjandi er minnisblað framkvæmdastjóra dags. 1. júlí 2021 vegna samkomulags landbúnaðarráðuneytisins, SSH og ábúanda á Fellsenda í Þingvallasveit, dags. 20. júní 2001 um girðingu um land Fellsenda. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins er gestur fundarins undir þessum lið.

Niðurstaða fundar:

Málið er lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

7. Heimilislausir með fjölþættan vanda / málsnr. 2106009

Fyrirliggjandi er tölvupóstur Rannveigar Einarsdóttur, f.h. samráðshóps stjórnenda í velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, dags. 15. júní 2021. Þar kemur fram að á fundi hópsins, hinn 9. júní 2021, hafi komið fram tillaga um að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, ráði verkefnastjóra til að vinna að undirbúningi, innleiðingu og framkvæmd samstarfs sveitarfélaga um búsetu fyrir heimilislausu með fjölþættan vanda. Er bókun fundarins send stjórn SSH til umfjöllunar.

Niðurstaða fundar:

Stjórn óskar eftir nánari útlistun tillögunnar frá samráðshópi stjórnenda í velferðarþjónustu hvað varðar m.a. umfang þessa verkefnis og kostnað. Jafnframt er óskað eftir nánari kynningu á fundi stjórnar.

8. Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar / málsnr. 2102006

Fyrirliggjandi er bréf frá svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 21. júní 2021, þar sem fram kemur að á 101. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins hafi nýjar starfsreglur nefndarinnar verið samþykktar samhljóða og vísað til umsagnar Skipulagsstofnunar. Umsögn stofnunarinnar liggur nú fyrir án athugasemda og eru nýjar starfsreglur lagður fram til kynningar. Unnið er nú að nýju samkomulagi milli sveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem tekur m.a. mið af nýjum starfsreglum og breyttum aðstæðum. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir framangreint.

Niðurstaða fundar:

Drög að nýju samkomulagi um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins verði fullunnin af lögfræðingi SSH í samráði við svæðisskipulagsstjóra og send stjórn til samþykktar þegar þau liggja fyrir. Í kjölfarið verði þau send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu auk þess sem nýjar starfsreglur verði sendar sveitarfélögunum til staðfestingar og óskað eftir tilnefningu varamanna í Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins til samræmis við nýjar starfsreglur. Jafnframt verði sveitarfélögunum boðið upp á kynningar um framangreint sé þess óskað.



9. Fundargerð Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Lögð fram til kynningar ásamt fylgigögnum:

Fundargerð 393. fundar Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, 23. júní 2021.

10. Önnur mál

Fyrirhugað er að halda fund stjórnar í ágústmánuði en nákvæm dagsetning verður ákveðin síðar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:20